

AKADEMÍSK STÖRF

STARFSHEITI

Akademískir starfsmenn bera starfsheitin sviðsforseti, deildarforseti, prófessor, dósent, lektor, aðjúntk og stundakennari. Fagstjórar koma úr hópi lektora, dósentra eða prófessora, en geta í undantekningartilfellum verið aðjúntkar svo fremi sem þeir hafa undirgengist hæfismat. Önnur akademísk starfsheiti eru gestaprófessor, heiðursprófessor, rannsóknaprófessor og gestarannsakandi. Um þessi störf er fjallað í Reglum um veitingu heiðursnafnbóta og akademískra gestastarfa.

SVIÐSFORSETI

Sviðsforseti¹ hefur góða þekkingu og reynslu af akademískri starfsemi, rekstri og stjórnun. Hann vinnur að þverfaglegum markmiðum Listháskólans ásamt rektor og öðrum sviðsforsetum, ber ábyrgð á akademískri uppbyggingu, innleiðingu á stefnu Listháskólans og hefur yfirumsjón með kennslu og rannsóknnum. Sviðsforseti stýrir starfsemi sviðs og annast stjórnun og rekstur þess. Sviðsforseti skal hafa akademískt hæfi. Ráðningarfesta sviðsforseta er fimm ár. Endurráða má starfandi sviðsforseta til annars fimm ára tímabils án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Samfelldur ráðningartími sviðsforseta skal ekki fara umfram 10 ár. Sviðsforsetar hafa ekki rannsóknarhlutfall en hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

DEILDARFORSETI

Deildarforseti² hefur góða þekkingu á viðkomandi fagsviði og á akademískri starfsemi. Deildarforseti ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknnum. Deildarforseti skal hafa akademískt hæfi. Deildarforseti er ráðinn til fjögurra ára. Endurráða má starfandi deildarforseta til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Samfelldur ráðningartími deildarforseta skal ekki fara umfram 10 ár. Deildarforseti hefur rannsóknarhlutfall í samræmi við hæfismat og aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

PRÓFESSOR

Prófessor er leiðandi lista- eða fræðimaður með trausta þekkingu á sínu sérsviði. Hann er í fremstu röð á vettvangi innanlands auk þess að hafa verið virkur á sínum fagvettvangi á alþjóðavísu. Ráðningarfesta prófessors er til fjögurra ára. Endurráða má starfandi prófessor til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár. Prófessorar geta að hámarki farið í rannsóknaleyfi á þriggja ára fresti, auk þess sem þeir hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

¹ Sjá nánar um hlutverk sviðsforseta í viðauka I.

² Sjá nánar um hlutverk deildarforseta í viðauka I.

DÓSENT

Dósent hefur fest sig í sessi sem viðurkenndur lista- eða fræðimaður með staðgóða þekkingu á sínu sérsviði. Hann er í fremstu röð á innanlandsvettvangi auk þess að hafa verið virkur á alþjóðavettvangi. Ráðningarfesta dósents er til fjögurra ára. Endurráða má starfandi dósent til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár. Dósentar geta að hámarki farið í rannsóknaleyfi á þriggja ára fresti, auk þess sem þeir hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

LEKTOR

Lektor er virkur í sinni faggrein og hefur miðlað verkum sínum opinberlega á sínum fagvettvangi innanlands. Auk þess er reynsla á erlendum vettvangi æskileg og sýnt skal að hann hafi alla burði til að verða leiðandi á sínu sviði. Ráðningarfesta lektors er til fjögurra ára. Endurráða má starfandi lektor til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár. Lektorar geta að hámarki farið í rannsóknaleyfi á þriggja ára fresti, auk þess sem þeir hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

AÐJÚNKT

Aðjúnt sinnir fyrst og fremst kennslu. Hann er virkur í sinni faggrein en þarf ekki að búa yfir langri starfsreynslu, þótt það sé æskilegt. Ráðning aðjúnta er ótímabundin eftir eitt ár í starfi. Aðjúntar hafa ekki rétt á að sækja um rannsóknaleyfi, en þeir hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

STUNDAKENNARI

Stundakennari er lausráðinn starfsmaður sem sinnir kennslu. Stundakennarar sem kenna a.m.k. 200 G-tíma á ári hafa aðgang að Starfsþróunarsjóði akademískra starfsmanna.

SKILGREINING STARFSÞÁTTA

Meginþáttur akademísks starfs er kennsla. Prófessorar, dósentar og lektorar sem gegna að lágmarki 50% starfshlutfalli geta jafnframt hlotið skilgreint rannsóknarhlutfall. Auk þessa sinna prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúntar stjórnun.

KENNSLA

Kennsla er umfangsmesti starfsþáttur akademískra starfsmanna. Starfsþátturinn felur m.a. í sér leiðsögn við nemendur, undirbúning kennslu, gerð kennsluáætlana, námskeiðslýsinga og hæfniviðmiða, prófagerð, yfirferð, námsmat sem og ýmis konar umsýslu vegna starfsþáttarins. Kennsla skiptist í flokka eftir inntaki og framlagi kennara og nemenda. Hver þessara flokka reiknast samkvæmt tiltekinni grunneiningu (G-tími) sem endurskoðuð er í samræmi við gildandi launakjör hverju sinni. Um flokkun og gildingu kennslu er fjallað í viðauka II.

RANNSÓKNIR

Lektorar, dósentar og prófessorar sem gegna að lágmarki 50% starfshlutfalli geta hlotið skilgreint rannsóknarhlutfall³.

Rannsóknir fela í sér sjálfstæða vinnu á sérsviði viðkomandi starfsmanns sem miðlað er með opinberum hætti, hvort sem er á listrænu formi eða á fræðilegum vettvangi. Afraksturinn getur verið í öllum birtingarmyndum þeirra listsviða sem skólinn starfar á, s.s. sjónlistum, sviðslistum, tónlist eða á fræðilegum vettvangi.

Samkvæmt afstöðu skólans, samþykktri í fagraði á haustönn 2015, er afrakstur listrannsókna í öllum tilfellum tvennskonar í senn: annars vegar verk og hinsvegar greinandi umfjöllun um sama verk (e. critical reflection). Til að afrakstur geti talist listrannsókn getur þetta tvennt ekki skilist í sundur.

Skilyrði fyrir rannsóknarhlutfalli er að sýnt verði fram á virkni og framvindu í rannsóknarstörfum.

Rannsóknanefnd hefur gefið út leiðarvísi um miðlun rannsókna, þar sem kröfum skólans til rannsókna er lýst (sjá á vefsíðu skólans: <https://www.lhi.is/afrakstur-rannsokna>).

STJÓRNUN

Stjórnun kennara getur verið þrenns konar.

Í fyrsta lagi getur verið um að ræða *almenna stjórnun* sem getur falið í sér þátttöku í mótunar- og uppbyggingarstarfi viðkomandi námsbrautar og deildar, skipulag og undirbúning kennslutímabils, þátttöku í samráði og stefnumótun s.s. setu á fundum deilda og skóla, þátttöku í verkefnaviku, undirbúningsdegi kennara og viðburðum. Starfsþátturinn er metinn til hlutfalls af starfshlutfalli með eftirfarandi hætti: prófessor, dósent og lektor 10%, aðjúnkt 5%⁴. Hjá starfsfólki í starfshlutfalli undir 50% má styðjast við G-tímabundna en þó að hámarki 40 G-tíma á starfsári.

Í öðru lagi getur verið um að ræða *fagstjórn* sem felur í sér yfirumsjón hvernar námsbrautar. Fagstjórar koma úr hópi lektora, dósentna eða prófessora, en geta í undantekningartilfellum verið aðjúnktar svo fremi sem þeir hafa undirgengist hæfismat. Um fagstjórn gilda viðmið sem hafa áhrif á hlutfall starfsþáttarins⁵.

Í þriðja lagi getur stjórnun falið í sér *setu í nefndum og ráðum auk sérverkefna* á borð við sjálfsmat deilda og endurskoðun námsbrauta sem viðkomandi eru falin tímabundið af sviðsforseta í umboði rektors.

³ Sjá skiptingu starfsþátta á bls. 3.

⁴ Í þeim undantekningartilvikum sem aðjúnktar sinna fagstjórn er heimilt að veita 10% hlutfall í almenna stjórnun.

⁵ Um hlutverk fagstjóra er fjallað í viðauka II.

SKIPTING STARFSÞÁTTA OG VINNUÁÆTLANIR

Heildarvinnuframlag og skipting starfsþátta eru skilgreind í ráðningarsamningum og endurspeglast í vinnuáætlunum starfsmanna⁶. Sviðsforseti ber ábyrgð á gerð vinnuáætlana í samráði við hvern starfsmann og í samstarfi við mannauðsstjóra. Í vinnuáætlunum kemur fram yfirlit heildarvinnuframlags, skipting starfsþátta og áætlun um hvernig starfsþættirnir raðast niður á skólaárið. Vinnuáætlanir skulu liggja fyrir í júní fyrir komandi skólaár. Fari starfsmaður í leyfi er fengin afleysing vegna kennsluþáttar hans, en hvorki rannsóknahlutfall né stöðuheiti eru leyst af. Um afleysingu sviðsforseta og deildarforseta sjá viðauka 1.

Skipting starfsþátta ræðst af starfsheiti á eftirfarandi hátt:

	Prófessor	Dósent	Lektor	Aðjúnt
Kennsla	60%	65%	70%	95%
Rannsóknir ⁷	30%	25%	20%	
Stjórnun ⁷	10%	10%	10%	5%
Samtals	1595 klst.	1595 klst.	1595 klst.	1595 klst.

⁶ Heildarvinnuframlag á ári miðað við fullt starfshlutfall og 40 stunda vinnuviku er 2080 klukkustundir (52 vikur x 40 stundir). Frá heildarvinnuframlagi dregst sumarfrí (6 vikur), eða alls 240 klukkustundir. Þegar 5 ára meðaltal er reiknað þá eru frídagar sem lenda á vikudögum (lögboðnir og aukadagar sem LHÍ veitir) að meðaltali 17 eða 136 klst. og kaffitímar eru 109 klst á ári. Til ráðstöfunar eru því 1595 klukkustundir að meðaltali. $2080 - 240 - 136 - 109 = 1595$.

⁷ Prósentuhlutfall stendur fyrir hámark innan hvers starfsheitis fyrir sig.

VIÐAUKI I

HLUTVERK SVIÐSFORSETA

Sviðsforseti vinnur að þverfaglegum markmiðum Listháskólans ásamt rektor og öðrum sviðsforsetum. Hann stýrir starfsemi viðkomandi sviðs og annast rekstur þess. Sviðsforseti ber ábyrgð á því að sviðið sinni akademískum skyldum í rannsóknum og kennslu og að stefnu Listháskólans sé hrint í framkvæmd innan sviðsins.

Sviðsforseti stýrir sviðsráði og sviðsfundum, situr í framkvæmdaráði, fagráði og hefur samráð við nefndir og ráð eftir því sem tilefni er til. Við afleysingu sviðsforseta er miðað við að starfandi sviðsforseti hafi hlotið akademískt hæfismat og leysi af starfsþætti sviðsforseta eftir samkomulagi. Notast er við starfsheitið *starfandi sviðsforseti*.

Á meðal helstu verkefna og ábyrgðar sviðsforseta er:

- ábyrgð á þróun kennslu og rannsókna,
- efling þverfaglegs samstarfs, akademískrar þróunar og innleiðing og eftirfylgni rannsóknarstefnu,
- markmiðasetning fyrir sviðið í samræmi við stefnu Listháskólans og árangursmælingar,
- ábyrgð á gæðastarfi,
- ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárfestingaráætlana og eftirfylgni þeirra,
- ábyrgð á gerð vinnuáætlana og að rannsóknarþætti starfsmanna sé sinnt í samræmi við stefnu LHÍ og fagsviða auk þess að bera ábyrgð á mati rannsóknarafraksturs,
- mannaforráð þ.m.t. ábyrgð á mannaáætlunum, afleysingar og ráðningum stundakennara í samráði við deildarforseta og með samþykki rektors,
- samstarf við aðila annarra háskólastofnana hérlendis og erlendis, aðila hjá opinberri stjórnslu og hagaðila á fagvettvangi.

HLUTVERK DEILDARFORSETA

Deildarforseti ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknum. Deildarforseti er næsti yfirmaður akademískra starfsmanna viðkomandi deildar. Deildarforseti ber ábyrgð á umsýslu með málefnum nemenda og fer með úrskurðarvald innan deildar í málefnum er varða námsferil og námsframvindu nemenda. Deildarforseti situr í sviðsráði viðkomandi sviðs og öðrum nefndum eftir atvikum. Hann hefur umsjón með deildarfundum, deildarráðsfundum og fagstjórafundum. Við afleysingu deildarforseta er miðað við að starfandi deildarforseti hafi hlotið akademískt hæfismat og leysi af starfsþætti deildarforseta eftir samkomulagi. Notast er við starfsheitið *starfandi deildarforseti*.

Meðal helstu verkefna deildarforseta er að:

- móta stefnu deildar í samræmi við heildarstefnumörkun skólans,

- stýra uppbyggingu og gæðum náms og kennslu, þ.m.t. kennsluskrá, stundatöflu, kennsluáætlunum, inntökufjerli, útskriftarferli, útskriftarviðburðum og eftirfylgni kennslukönnunar,
- taka þátt í eflingu þverfaglegrar samvinnu milli deilda og sviða,
- sinna tengslum við samfélagið með samstarfi við fagvettvang, þátttöku í opinberri umræðu á viðkomandi fagsviði, setu í dómnefndum og öðrum fagnefndum f.h. skólans,
- taka þátt í alþjóðlegu samstarfi,
- bera ábyrgð á ráðningu stundakennara og skipa prófdómara,
- ritstýra kynningarefni og öðru útgefnu efni deildar,
- gera rekstrar- og fjárfestingaráætlanir í samráði við sviðsforseta.

HLUTVERK FAGSTJÓRA

Fagstjórar koma úr hópi lektora, dósentna eða prófessora. Í undantekningartilfellum geta aðjúnktar gegnt hlutverki fagstjóra, svo fremi þeir hafi undirgengist hæfismat. Þeir hafa umsjón með tilteknu fagsviði og gegna lykilhlutverki í uppbyggingu náms og kennslu innan þess undir stjórn deildarforseta. Fagstjórar eru leiðandi í að efla skapandi og faglegt umhverfi á viðkomandi námsbraut.

Um starfsþátt fagstjórnar gilda viðmið sem hafa áhrif á hlutfall starfsþáttarins á starfsári.

1. Grunnþáttur fagstjórnar*: 160 G-tímar fyrir óskipta fagstjórn, ef um fleiri en einn er að ræða skiptist tímafjöldinn.
2. Gildingarþáttur fagstjórnar** fyrir óskipta fagstjórn:
 - a. færri en 20 nemendur: 50 G-tímar
 - b. 20-39 nemendur: 100 G-tímar
 - c. 40-59 nemendur: 150 G-tímar
 - d. 60+ nemendur: 200 G-tímar
 - e. Viðmið um fagstjóra fræða er hið sama og nemur 1/3 af heildarfjölda nemenda deildar. Ef um fleiri en einn fagstjóra fræða er að ræða við sömu deild skiptist tímafjöldinn á milli þeirra skv. starfshlutfalli eða skv. nemendafjölda á brautum sem hvor um sig fer með fagstjórn á.

*GRUNNÞÁTTUR FAGSTJÓRNAR

Undir stjórn deildarforseta taka fagstjórar þátt í að móta sýn og stefnu námsbrautarinnar og koma að almennri starfsemi s.s. gerð kennsluskrár, skipulagi á stundatöflu, inntöku, prófdæmingu, þverfaglegri samvinnu og alþjóðasamstarfi.

Fagstjórar eiga í samskiptum við stundakennara vegna námskeiðslýsinga, námsmats, uppbyggingu námskeiða og samhengis námskeiðs við önnur námskeið og námsferil nemenda.

Fagstjórar sinna kynningu á námsbraut s.s. gerð faglegrar inntaks kynningarefnis, sýningum og viðburðum og með viðveru á Opnu húsi og á Háskóladegi.

**GILDINGARÞÁTTUR FAGSTJÓRNAR

Til gildingarþáttar fagstjórnar heyrir samskipti við nemendur hvað varðar faglega leiðsögn um námið.

VIÐAUKI II

FLOKKUN OG GILDING KENNSLU

Kennsla skiptist í ólíka flokka eftir inntaki og eðli hvers fags fyrir sig, en námskeið getur verið samsett úr tveimur eða fleiri flokkum eftir því sem við á. Sviðsforseti og deildarforseti bera ábyrgð á að meta tegund kennslu í réttan flokk.

Tegund kennslu	Gilding kennslu
Fyrirlestur	Fjörgilding
Málstofa I	Tvígilding
Málstofa II	Þrígilding
Vinnustofa I	Tvígilding
Vinnustofa II	Þrígilding
/Tækni/Þjálfun	Tvígilding
Meðleikur	Þrígilding
Leiðbeining lokaritgerða/lokaverkefna	Eingilding
Umsjón/Viðvera (án kennslu)	Eingilding

Fyrirlestrar (fjörgilding)

Í fyrirlestri er það kennarinn sem ber uppi kennslustundina nánast að öllu leyti. Hann undirbýr efnið og flytur fyrir nemendum á þann hátt sem hentar best. Fyrirlestrar eru fjörgildir þar sem undirbúningur er tímafrekur, en gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og þremur í undirbúning.

Málstofa I (tvígilding)

Nemendur kynna verkefni sem lagt er fyrir. Kennari heldur utan um og stjórnar samræðum. Gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og öðrum í undirbúning.

Málstofa II (þrígilding)

Kennari heldur utan um og stjórnar samræðum. Felur auk þess í sér lestur fræðigreina. Gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og tveimur í undirbúning.

Vinnustofa I (tvígilding)

Einstaklingsviðtöl eða hópsamræður við nemendur á vinnusvæði. Verklek kennsla, skapandi ferli, yfirferð. Gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og öðrum í undirbúning.

Vinnustofa II (þrígilding)

Fyrirlestur og verklek kennsla. Skapandi ferli með leiðsögn kennara. Gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og tveimur í undirbúning.

Tækni/Þjálfun (tvígilding)

Verkstæðistímar, tölvutímar, forritun, sníðatækni og textíllþrykk, klippiforrit eða tölvuforrit, líkamsþjálfun, rödd, söngur, spilatímar. Gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og öðrum í undirbúning.

Meðleikur (þrígilding)

Meðleikur. Gert er ráð fyrir einum G-tíma í kennslu og tveimur í undirbúning.

Leiðbeining (eingilding)

Kennari leiðbeinir við einstaklings- eða lokaverkefni. Gert er ráð fyrir ákveðnum stundafjölda pr. nemanda.

Umsjón/Viðvera (eingilding)

Kennari er á staðnum en án kennslu. Ekki er gert ráð fyrir vinnuframlagi í undirbúning.

VINNUFRAMLAG VEGNA KENNSLU

GRUNNVIÐMIÐ VEGNA HÓPKENNSLU

Grunnviðmið er breytilegt eftir fjölda eininga. Viðmið geta verið breytileg eftir deildum.

	2 ECTS	4 ECTS	6 ECTS	8 ECTS	10 ECTS
Grunnviðmið	40G	80G	120G	160G	200G

FRÆÐINÁMSKEIÐ

Álag er greitt annarsvegar fyrir yfirferð skriflegra verkefna í fræðinámskeiðum og hinsvegar fyrir gerð nýrra fræðinámskeiða.

Álag vegna nemendafjölda

	2 ECTS	4 ECTS	6 ECTS	8 ECTS	10 ECTS
11-15 nem	8G (2F)	16G (4F)	24G (6F)	32G (8F)	40G (10F)
16-20 nem	12G (3F)	24G (6F)	36G (9F)	48G (12F)	60G (15F)
21-25 nem	24G (6F)	48G (12F)	72G (18F)	96G (24F)	120G (30F)
26-30 nem	28G (7F)	52G (14F)	84G (21F)	112G (28F)	140G (35F)
31-35 nem	32G (8F)	64G (16F)	96G (24F)	128G (32F)	160G (40F)
36-40 nem	36G (9F)	72G (18F)	108G (27F)	144G (36F)	180G (45F)
41-45 nem	40G (10F)	80G (20F)	120G (30F)	160G (40F)	200G (50F)
46-50 nem	44G (11F)	88G (22F)	132G (33F)	176G (44F)	220G (55F)
51-55 nem	48G (12F)	96G (24F)	144G (36F)	192G (48F)	240G (60F)
56-60 nem	92G (13F)	104G (26F)	156G (39F)	208G (52F)	260G (65F)

Álag vegna gerðar nýrra fræðinámskeiða

2 ECTS = 20 G-tímar

4 ECTS = 40 G-tímar

6 ECTS = 60 G-tímar

8 ECTS = 80 G-tímar

10 ECTS = 100 G-tímar

Samþykkt af stjórn Listaháskóla Íslands þann 29. apríl 2020.